

12

5. gr.

29. jan. Með gjaldskrá þessari er úr gildi numin gjaldskrá fyrir rafveitu Eyrarbakka frá 18. október 1933.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 83 1932, um raforkuvirki, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Vigfús Einarsson.

13

31. jan.

GJALDSKRÁ

fyrir talsímanotendur utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

A. Uppsetningargjald.

1. Fyrir hvert talfæri	kr. 50.00
2. — aukabjöllu	— 15.00
3. — tengilkvísli	— 20.00

Ofan nefnd gjöld eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar, að dómi póst- og símamálastjórnar, svo sem vegna nýrra staura, nýs skiptiborðs eða ef rúmleysi er á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin í hvert skipti.

B. Árlegt afnotagjald.

I. Stöðvar, sem hafa færri en 150 notendur.

1. Fyrir 1 línu með 1 talfæri	kr. 80.00
2. — 1 línu með 2 talfærum í sama húsi	— 140.00
3. — hvert talfæri fram yfir 2 í sama húsi	— 50.00
4. — 1 línu með 2 talfærum í 2 húsum	— 150.00
(þegar stutt er á milli, ef leyft verður)	
5. — vanalega aukabjöllu í sambandi við talfæri	— 16.00
6. — stóra aukabjöllu í sambandi við talfæri	— 20.00
7. — aukaheyrnartól	— 12.00
8. — tengilkvísli	— 20.00

II. Stöðvar, sem hafa 150 notendur eða fleiri.

	Stöðin opin:		Allan
	kl. 8—21	kl. 8—24	sólarhringinn
1. Fyrir 1 línu með 1 talfæri	80.00	90.00	100.00
2. — 1 lína með 2 talfærum í sama húsi	140.00	155.00	170.00
3. — hvert talfæri fram yfir 2 í sama húsi	50.00	55.00	60.00
4. — 1 línu með 2 talfærum í 2 húsum	150.00	165.00	180.00
(þegar stutt er á milli, ef leyft verður)			
5. — aukabjöllur, aukaheyrnartól og tengilkvísar eru gjöldin hin sömu og við stöðvar með færri en 150 notendum (sjá B I, 5.—8. lið).			

Gjöld þau, sem talin eru í 2., 3. og 4. lið undir B I og B II gilda því aðeins 13
að sami maður eða sama firma hafi öll áhöldin.

31. jan.

Á 2. og 3. flokks stöðvum, þar sem notenda símafjöldinn er undir 10, færast símaafnotagjaldið ofan í kr. 50.00 á ári fyrir 1 línu með 1 talfæri og kr. 90.00 fyrir 1 línu með 2 talfærum í sama húsi og kr. 100.00 fyrir 1 línu með 2 talfærum í 2 húsum (ef leyft verður).

Ofanefnd gjöld í 1.—4. lið undir B I og B II hækka um 40% hjá alls konar atvinnu- og verzlunarfyrirtækjum og hjá þeim mönnum, sem að áliti símastjóra nota símann mikið.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrirfram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt símasamband er að ræða, greiðist í fyrsta sinn tiltölulegt gjald fyrir þann hluta ársfjórðungsins, sem eftir er, til næsta gjalddaga á eftir og telst þá partur úr mánuði sem heill mánuður.

C. Gjald fyrir flutning á talsímataækjum.

1. Milli húsa fyrir hvert talfæri	kr. 35.00
(Flutningsgjald borgast að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í)	
2. Innanhúss, milli herbergja	— 15.00
3. — í sama herbergi	— 10.00
4. — fyrir aukabjöllu	— 10.00

Ofanefnd gjöld eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar, að dómi póst- og símamálastjórnar, svo sem vegna nýrra staura, nýs skiptiborðs eða ef rúmleysi er á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin í hvert skipti.

D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús, þar sem sími er fyrir, eða taki við síma af öðrum manni án breytinga, skal hann greiða viðtökugjald kr. 35.00.

E. Tengigjald.

Fyrir hvert talsímaáhold á einkalínu, sem stendur í sambandi við lands-símastöð, skal greiða tengigjald, kr. 10.00 árlega.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 12 20. október 1905, um ritsíma og talsíma o. fl., til að öðlast gildi 1. apríl næstkomandi og birtist til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, 31. janúar 1940.

Ólafur Thors.

Guðmundur Hliðdal.